

Skoðanir Servetusar breiddust út, eins og við var að búast þar sem þær höfðu mætt jafn mikilli mótsprunu, og höfðu allmikil áhrif. Sérstaklega fóllu þær á frjósaman jarðveg í Ítalíu. Þær voru fyrir tvær stefnur í frjálslyndisáttina. Í fyrsta lagi voru sumir af mentamönnum þeim, er höfðu kynnt sér forngrískar bókmentir fúsir til að gagnrýna allar kennningar kyrkjumrar, og í öðru lagi höfðu skoðanir Eindurskfraranna borist til Ítalíu og fengið þær talsvert sylgi. En rannsóknarrétturinn leitaði uppi alla sem létu opinberlega í ljósi skoðanir andstaðar kyrkjunnar. Þær afleiðandi flúðu margir, sem ekki voru óhultir skoðana sinna vegna til annara landa. Nokkrir þessara ítölsku flóttamanna komu til Sviss, en urðu að leita þaðan astur, ef þeir voru ekki Kalvín og hans fylgjendum sammála í öllu. Pólland og Transylvanía voru einu löndin, þær sem að þessir menn gátu verið óhultir um líf sitt skoðana sinna vegna.

Á Póllandi höfðu pólitískar hreyfingar orsakað meira trúfrelsi en annarstaðar átti sér stað. Aðallin hafði stutt málstað kaþólsku kyrkjunnar, en alþýðan neyddi hann til að rýmka all mikið til bæði hvað trúarbragðaleg og stjórnarfarsleg réttindi snerti. Þess vegna gátu þeir, sem hvergi annarstaðar gátu haft skoðanir sínar óáreittir haldið þeim fram þær, án þess að verða fyrir miklum ofsóknum. Ítalskir frjálstrúarmenn fluttu þangað skoðanir Servetusar og annara, er höfðu svipaða stefnu og hann, og þær náðu fljótt útbreiðslu. Sá hét Georg Blandrata, ítalskur læknir, er hafði dvalið í Genf og kynst Kalvín, sem mest staðaði að því að útbreiða únitarískar skoðanir á Póllandi. Um 1560 var stofnaður þær únitarískur söfnuður í bænum Krakau og innan fárra ára var risinn upp óháður og allmargmennur flokkur á Póllandi með únitarískum skoðunum.

Sá seni mestan og beztan þátt átti í myndun stefnu þessa flokks var annar Ítali Faustus Sósínuś að nafni. Föðurbröðir hans, Lelio Sósínuś, hafði sezt að í Sviss og var þektur að því að hafa mjög frjálslegar skoðanir þó honum tækist að láta sýnast sem hann væri Kalvín sammála. Sósínuś yngri flúði undan rannsóknarréttinum til Sviss og fór þaðan til Póllands laust fyrir 1580. Þær vann hann í 25 ár, þær til hann dó, að útbreiðslu skoðana sinna og myndun únitarískrar kyrkju.